

Fwd: Tíðindi 39. tbl. 2022

Til : Inga Þorvaldsdóttir <inga.thorvaldsdottir@mulathing.is>; Berglind Harpa Svavarsdóttir <berglind.svavarsdottir@mulathing.is>
Frá : Björn Ingimarsson <bjorn.ingimarsson@mulathing.is>
Heiti : Fwd: Tíðindi 39. tbl. 2022
Málsnúmer : 202211137
Málsaðili : Samband íslenskra sveitarfélaga
Skráð dags : 17.11.2022 15:19:01
Höfundur : Björn Ingimarsson <bjorn.ingimarsson@mulathing.is>

Bæta inn á byggðaráð. Bkv. Björn

Sækja [Outlook fyrir Android](#)

Frá: Samband íslenskra sveitarfélaga
Sent: fimmtudagur, 17. nóvember 2022, 15:14
Til: Björn Ingimarsson
Efni: Tíðindi 39. tbl. 2022

[View this email in your browser](#)

Innviðaráðuneytið kallar eftir umsögnum um reglugerð um íbúakosningar

Með lögum nr. 83/2022, sem Alþingi samþykkti í sumar, var mælt fyrir um breytingar á ákvæðum sveitarstjórnarlaga sem fjalla um íbúakosningar sem fram fara á vegum sveitarfélaga.

Vinna hefur staðið yfir í haust um gerð reglugerðar um íbúakosningar og hefur vinnan farið fram í miklu samráði við landskjörstjórn og dómsmálaráðuneytið, auk þess sem Samband íslenskra sveitarfélaga, Þjóðskrá Íslands og Reykjavíkurborg hafa yfirfarið drög af reglugerðinni.

Umsagnarfrestur er til 28. nóvember og eru sveitarstjórnir hvattar til að kynna sér málið og senda umsagnir í samráðsgátt.

[Nánar á vef sambandsins](#)

Mannaflapörf, stafræn umbreyting og aukin framleiðni

Föstudagsmálstofa fjármálaráðstefnu III. hluti - haldið á Teams föstudaginn 18. nóvember kl. 09:00-10:30.

Yfirskrift málstofunnar er: **Mannaflapörf, stafræn umbreyting og aukin framleiðni**. Málstofustjóri verður Aldís Stefánsdóttir, bæjarfulltrúi í Mosfellsbæ.

[Dagskrá og tengill á málstofuna](#)

Nýr starfshópur um sveitarstjórnaráætlun hefur störf

Nýr starfshópur um stefnumótandi áætlun ríkisins um málefni sveitarfélaga hélt sinn fyrsta fund í innviðaráðuneytinu þann 15. nóvember sl.

Hópnum er ætlað að skila tillögu til innviðaráðherra um stefnu stjórnvalda gagnvart sveitarfélögum til fimmtán ára 2024 til 2038 og aðgerðaáætlun til fimm ára 2024 til 2028 í byrjun næsta árs. Stefnumótunin byggir á ákvæði sveitarstjórnarlaga um að ráðherra leggi fram endurskoðaða stefnu í málaflokki sveitarfélaga á þriggja ára fresti. Stefnan tekur við af fyrstu stefnu og aðgerðaáætlun stjórnvalda í málefnum sveitarfélaganna í landinu á næsta ári.

[Nánar á vef sambandsins](#)

Umsögn sambandsins um fyrirhugað frumvarp um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga

Samband íslenskra sveitarfélaga hefur veitt umsögn um áformaskjal í samráðsgátt stjórnvalda, um breytingar á lagaumhverfi Jöfnunarsjóðs

sveitarfélaga.

Sambandið hvetur sveitarstjórnir til þess að fylgjast vel með framvindu þessarar vinnu, taka þátt í samráði og setja fram sínar áherslur eftir því sem tilefni þykir til.

[Nánar á vef sambandsins](#)

Nýir samstarfssamningar Heimilis og skóla - landssamtaka foreldra og SAFT

Heimili og skóli – landssamtök foreldra og SAFT hafa undanfarið undirritað samstarfssamninga við sveitarfélög sem ætlað er að formfesta samstarf um markvissa fræðslu og ráðgjöf frá sérfræðingum Heimilis og skóla.

Markmiðið með samningnum er að ýta undir og efla enn frekar öflugt foreldra-, forvarna- og fræðslustarf sveitarfélaga.

[Nánar á vef sambandsins](#)

Morgunstund um opinbera nýsköpun

Sambandið minnir á að nýsköpunarmót verður haldið þriðjudaginn 29. nóvember 2022 kl. 08:30-10:30 í Litla Torgi við Háskólatorg, Sæmundargötu 4 í Reykjavík.

[Dagskrá og skráning á morgunstundina](#)

Tíðindi 39. tbl. 17. nóvember 2022

© Samband íslenskra sveitarfélaga 2022, Allur réttur áskilinn.

Netfang: samband@samband.is

Reiknaðu með mér

Sumir eru fæddir með plús á báðum pólum
meðan aðrir eru mínus frá sumri fram að jólum.
Einhverjir eru utan gátta og ekki innan mengis
Aldrei taldir með vegna óhagstæðs gengis.
Reiknaðu með mér.

Þótt það taki heilan aldur að finna sitt samræmi
getur samband milli tveggjaverið ósköp einfalt dæmi.
Að deila saman tíma og rúmier gagnlegt gaman
og draga aðeins fram þegar við leggjum okkur saman.
Reiknaðu með mér.

Björn Jörundur og Ragnheiður Gröndal

Viltu breyta eða segja upp áskrift? [Afskrá af póstlista](#).

This email was sent to bjorn.ingimarsson@mulathing.is

[why did I get this?](#) [unsubscribe from this list](#) [update subscription preferences](#)

Samband íslenskra sveitarfélaga · Borgartún 30 · Reykjavík 108 · Iceland